

**Nd.**

**420. Frumvarp til laga**

[171. mál]

um Stofnfjár sjóð fiskiskipa.

(Lagt fyrir Alþingi á 88. löggjafarþingi, 1967—68.)

**1. gr.**

Stofna skal deild við Fiskveiðasjóð Íslands, er nefnist Stofnfjár sjóður fiskiskipa.

**2. gr.**

Meginhlutverk Stofnfjár sjóðs er að veita eigendum fiskiskipa aðstoð við að standa straum af stofnfjarkostnaði fiskiskipa sinna, og þá fyrst og fremst með því að greiða afborganir og vexti af lánum þeim, sem veitt hafa verið af Fiskveiðasjóði og tryggð með veði í skipum.

**3. gr.**

Stofnfé sjóðsins er framlag úr ríkissjóði á árinu 1968, kr. 124 000 000.00. Um tekjur sjóðsins í framtíðinni verður ákveðið með lögum hverju sinni.

**4. gr.**

Fiskifélag Íslands skal senda Fiskveiðasjóði, eigi sjaldnar en missirislega, skýrslu um afla og aflaverðmæti allra fiskiskipa, að undanskildum togurum. Í skýrslunni skal greina heildarverðmæti afla hvers skips, að frádregnu verðmæti síldar- og rækjuafli, svo og þess afla, sem landað er erlendis úr veiðiskipi. Þá skal í skýrslunni greina, hve mikill hundraðshluti aflaverðmætis hvers skips, þannig reiknaður, er af heildarverðmæti afla allra skipanna, reiknað á sama hátt.

**5. gr.**

Þegar stjórn Fiskveiðasjóðs hafa horizt skýrslur þær, sem um ræðir í 4. gr., skal hún skipta því fé, sem þá er í Stofnfjár sjóði, milli skipa þeirra, sem í skýrslunni greinir, eftir verðmætishlutfalli því, sem um getur í 4. gr.

**6. gr.**

Sérhvert skip, sem rétt á til fjár samkvæmt 5. gr., skal hafa reikning hjá Stofnfjár sjóði, og skal færa til tekna á reikning þessum fé það, er skipinu ber, samkvæmt 5. gr.

Sé innstæða á slíkum reikningi lengur en einn mánuð, skal Fiskveiðasjóður færa á reikninginn til tekna vexti, er séu ½% lægri á ári en innlásvextir eru á almennum sparisjóðsbókum á hverjum tíma.

**7. gr.**

Skuldi eigandi skips Fiskveiðasjóði gjaldfallnar afborganir, vexti, dráttarvexti og kostnað af lánum, sem tryggð eru með veði í skipi, en skipið á innstæðu á reikningi

sínum hjá Stofnfjár sjóði, og skal þá stjórn Fiskveiðasjóðs taka fé af reikningi þessum til greiðslu hinna gjaldföllnu greiðslna, að svo miklu leyti, sem það hrekkur til þess.

8. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 7. gr., né telji stjórn hans ástæðu til að ætla, að til vanskila sömu lána komi við sjóðinn á næsta gjalddaga þeirra, er stjórninni heimilt að nota innstæðu skips á reikningi hjá Stofnfjár sjóði til greiðslu gjaldfallinna afborgana og vaxta af stofnlánum vegna skipsins eða til greiðslu annarra skulda vegna þess hjá öðrum opinberum sjóðum.

9. gr.

Skuldi skipseigandi eigi gjaldfallnar greiðslur til Fiskveiðasjóðs, sbr. 7. og 8. gr., er stjórn Fiskveiðasjóðs heimilt að leyfa skipseiganda að nota innstæðu skips hjá Stofnfjár sjóði til greiðslu kostnaðar við skipti á vél skipsins eða við verulegar endurbætur á því, til greiðslu á eftirstöðvum af kaupverði skipsins, til greiðslu kostnaðar skipseiganda við smíði nýs skips, til greiðslu kaupverðs skips eða til greiðslu kostnaðar hans við meiri háttar framkvæmdir í sjávarútvegi.

Áður en ákvarðanir eru teknar um ráðstöfun innstæðna í Stofnfjár sjóði, sbr. 8. gr. og 1. mgr. 9. gr., skal leitað umsagnar tveggja fulltrúa, er Landssamband íslenskra útvegsmanna tilnefnir af sinni hálfu í því skyni.

10. gr.

Heimilt er stjórn Fiskveiðasjóðs að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjár sjóði, enda skuldi skipseigandi engar gjaldfallnar greiðslur, sbr. 7.—8. gr., og eigi er fyrirsjáanlegt, að hann hefji framkvæmdir þær, er um ræðir í 9. gr.

11. gr.

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði er undanþegin löghaldi, fjárnámi og lögtaki, enda þótt færð hafi verið til tekna á reikning skips.

Skipseiganda er óheimilt að veðsetja slíka innstæðu eða vísa á hana til greiðslu. Framsal innstæðu er aðeins heimilt sem þáttur í sölu skips, sbr. 12. gr.

12. gr.

Innstæða hjá Stofnfjár sjóði og réttur til fjár úr honum fylgir skipi við frjálsa sölu og sölu á nauðungaruppboði.

13. gr.

Óheimilt er að breyta nafni skips, sem aðild á að Stofnfjár sjóði, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri, nema að fengnu skriflegu leyfi stjórnar Fiskveiðasjóðs.

14. gr.

Ráðherra sá, sem fer með sjávarútvegsmál, skal að fenginni umsögn stjórnar Landssambands íslenskra útvegsmanna setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal ákvæðum þeirra um aflaverðmæti beitt frá 1. janúar 1968.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. janúar 1968, skal heimilt að draga frá leigufjárhæð það fé, sem aflaverðmæti á leigutímanum veitir rétt til úr Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. 4. og 5. gr.

Eigendur fiskiskipa, er stunduðu síldveiðar á tímabilinu 1. janúar til 29. febrúar 1968, skulu eiga rétt til þátttöku í Stofnfjár sjóði í hlutfalli við aflaverðmæti skipsins á þessu tímabili í samræmi við ákvæði 5. gr. þessara laga. Til þess að standa undir kostnaði af þessari þátttöku greiðist Stofnfjár sjóði ein millj. kr. af stofnframlagi

til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, samkvæmt d-lið 2. gr. laga um ráðstöfun á gengishagnaði á útfluttum sjávarafurðum o. fl., nr. 79 29. desember 1967. Um skiptingu þessarar fjárhæðar á milli fiskiskipa, er þátt tóku í síldveiðum á nefndu tímabili, og um ráðstöfun innstæðna, skulu gilda sömu reglur og ákveðnar eru í þessum lögum um Stofnfjár sjóð almennt, eftir því sem við á.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir stofnun sérstakrar deildar við Fiskveiðasjóð Íslands, sem gefið hefur verið heitið Stofnfjár sjóður fiskiskipa.

Með úrskurði oddamanns í yfirdómi Verðlagsráðs um verð á þorski o. fl. í janúar s. l., er gildir fyrir árið 1968, var svo ákveðið, að fiskverð skyldi hækka um 10%. Sú fiskverðshækkun gaf sjómönnum á þorskveiðum hækkun, sem eðlileg mátti teljast miðað við aðrar starfsgreinar. Það var hins vegar augljóst, að með þeim hlutaskiptum, sem í gildi eru, hrökk þessi fiskverðshækkun hvergi nærri til þess, að bátarnir gætu vænt viðnandi afkomu á þorskveiðum á árinu 1968. Var þá við það miðað, að bátaflotinn hefði svipaða afkomu á árinu 1968 og verið hafði 1965, sem var sæmilegt ár, en aflinn var miðaður við það, sem verið hafði árið 1966. Jafnframt var tillit tekið til verðbreytinga síðan, þ. á m. áhrifa gengisbreytingarinnar í nóv. s. l. sem var veruleg, á veigamikla kostnaðarliði útgerðarinnar. Var því óhjákvæmilegt að greiða beint framlag til þeirra í einni eða annarri mynd. Það varð úr, að heitið var af hálfu ríkisstjórnarinnar kr. 124 millj. á árinu 1968, er renna skyldu til sérstakrar deildar Fiskveiðasjóðs.

Versnandi afkoma fiskiskipaflotans hefur mjög komið fram í því, að útvegsmenn hafa átt í erfiðleikum með að greiða afborganir og vexti af stofnlánnum báta sinna. Hefur þetta bitnað mjög á Fiskveiðasjóði og það svo, að afkoma hans á árinu 1967 versnaði til stórra muna. Vegna hins erfiða ástands hinna smærri skipa í þorskveiðiflotanum, hafði á árinu 1967 verið ákveðið af hálfu stjórnar Fiskveiðasjóðs að gera sérstakar ráðstafanir til þess að auðvelda eigendum þessara skipa að standa í skilum, en þær ráðstafanir leiddu til þess, að tekjur Fiskveiðasjóðs af vöxtum og afborgunum af skipalánnum urðu til muna minni en ella á því ári. Þegar kom fram á haustið 1967 og augljóst var orðið, að síldveiðarnar höfðu brugðizt og tekjur hins stóra flota síldveiðiskipa höfðu ekki orðið nema hluti af því, sem verið hafði áður, sá stjórn Fiskveiðasjóðs sig enn tilneydda að gera ráðstafanir, sem leiddu til þess, að tekjur sjóðsins af þessum hluta fiskiskipaflotans mundu verða til muna minni á árunum 1967—1968 en ella hefði orðið. Var veittur frestur á afborgunum um eitt ár, að því er þennan flota snerti.

Var því eðlilegt að gera ráð fyrir því, að greiðslur úr ríkissjóði til styrktar þorskveiðiflotanum yrðu fyrst og fremst notaðar til þess að auðvelda mönnum að standa í skilum með greiðslu afborgana og vaxta af lánnum þeim, sem á skipunum hvíla. Jafnframt mundi með þessum ráðstöfunum Fiskveiðasjóði verða séð fyrir nokkrum tekjum.

Það er meginefni þessa frumvarps að setja skuli upp sérstaka deild við Fiskveiðasjóð Íslands, sem taka mun við fyrrgreindri greiðslu ríkissjóðs á árinu 1968, og verði þeim peningum varið fyrst og fremst til greiðslu vaxta og afborgana lána í Fiskveiðasjóði. Fé þessu verður skipt milli fiskiskipa, eftir aflaverðmæti þeirra, í hlutfalli við heildarafla þessa flota og eignast skipin á þann hátt innistæður í Stofnfjár sjóði. Þá er gert ráð fyrir því að myndist innistæða í Stofnfjár sjóði umfram það, sem þarf til greiðslu vaxta og afborgana af lánnum í Fiskveiðasjóði, geti stjórn Fiskveiðasjóðs heimilað, að innstæðan sé notuð til ýmissa annarra greiðslna vegna skipsins eða vegna annarra framkvæmda í sjávarútvegi. Meginreglan er þó sú, að greiðslur úr sjóðnum séu vegna stofnfjárskulda, eins og nánar er skýrt í athugasemdum við einstakar greinar hér á eftir.

### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

#### Um 1. gr.

Hér vísast til þess, sem segir í hinum almennu athugasemdum hér að framan.

#### Um 2. gr.

Hér er skilgreint það meginhlutverk, sem þessum sjóði er ætlað, en það er að auðvelda eigendum fiskiskipa að standa straum af stofnfjáarkostnaði skipa sinna, en þar eru það fyrst og fremst lán Fiskveiðasjóðs, sem til greina koma.

#### Um 3. gr.

Svo sem getið er í hinum almennu athugasemdum, var heitið framlagi úr ríkis-sjóði á yfirstandandi ári, kr. 124 millj. Verði sjóðnum séð fyrir frekari tekjum, verður að setja um það ákvæði í lögum.

#### Um 4. gr.

Skýrslusöfnun Fiskifélags Íslands á sviði sjávarútvegsins gerir kleift að láta Fiskveiðasjóði í té þær skýrslur, sem nauðsynlegar eru um afla og aflaverðmæti fiskiskipanna, er nota megi sem grundvöll að þeirri skiptingu, sem 5. gr. kveður á um. Með því að ekki er gert ráð fyrir, að ákvæði þessara laga nái til togaranna, eru þeir hér undanskildir, og að því er bátaflotann snertir, þá skal ekki með talinn afli á síldveiðum eða rækjuafli, né heldur sá afli, sem landað er úr veiðiskipi til sölu erlendis.

#### Um 5. gr.

Á grundvelli skýrslna þeirra, sem um getur í 4. gr., er því fé, sem sjóðurinn hefur til umráða, skipt milli þeirra skipa, sem greinir í skýrslunni, og er þá verðmætishlutfall aflans lagt til grundvallar.

#### Um 6. gr.

Þegar fé sjóðsins hefur verið skipt, skv. 5. gr., færist það fé, sem hverju skipi ber, í reikning þess hjá sjóðnum. Verða þá reiknaðir vextir af því fé, sem þannig stendur á innstæðureikningi skipsins lengur en einn mánuð.

#### Um 7. gr.

Samkvæmt meginhlutverki sjóðsins kveður þessi grein svo á, að innstæða skips hjá Stofnfjárssjóði skuli notast til greiðslu gjaldfallinna afborgana, vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar af lánnum í Fiskveiðasjóði, sem tryggð eru með veði í skipinu.

#### Um 8. og 9. gr.

Þessar greinar fjalla um heimild til að nota innstæðu í Stofnfjárssjóði eftir að meginhlutverki hefur verið sinnt, skv. 7. gr., ef þá er enn innstæða fyrir hendi og stjórn Fiskveiðasjóðs telur ekki ástæðu til að ætla, að til vanskila komi á lánnum skips í Fiskveiðasjóði á næsta gjalddaga þeirra. Koma þá til greina ýmiss konar greiðslur, svo sem þær eru taldar upp í þessum greinum, til annarra opinberra sjóða, til greiðslu kostnaðar við vélaskipti eða verulegar endurbætur á skipinu o. s. frv. Sameiginlegt öllum þessum greiðslum er, að þær eru vegna stofnkostnaðar skipa eða meiri háttar framkvæmda í sjávarútvegi.

Þá er í 9. gr. gert ráð fyrir því, að fulltrúum frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna sé gefinn kostur á því að láta í té umsögn áður en kemur til ákvarðana um ráðstöfun innstæðna samkvæmt 8. og 9. gr. Virðist það eðlilegt, þegar tillit er tekið til þess, að ráðstöfun á því fé snertir hag skipaeigenda.

Um 10. gr.

Samkvæmt þessari grein er heimilt að greiða skipseiganda innstæðu skips hjá Stofnfjár sjóði, enda er þá gert ráð fyrir, að allar gjaldfallnar greiðslur vegna stofnlána skipsins hafi verið greiddar og enn fremur, að ekki sé fyrir sjáanlegt, að viðkomandi aðili ráðist í neinar þær framkvæmdir, sem rætt er um í 9. gr. Verður að gera ráð fyrir þeim möguleika, þar eð að öðrum kosti gæti svo farið, að fé yrði fest í sjóðnum, ef enginn grundvöllur væri til að ráðstafa því til þeirra þarfa, sem frv. annars gerir ráð fyrir.

Um 11. gr.

Þar sem innstæður í Stofnfjár sjóði eru ætlaðar til greiðslu á tilteknum útgjöldum vegna skipsins, eins og kveðið er á um í 7.—9. gr., er óhjákvæmilegt að undanþiggja innstæðuna löghaldi, fjárnámi eða lögtaki og enn fremur er óheimilt að veðsetja eða ávísa á hana.

Um 12. gr.

Myndun innstæðu í Stofnfjár sjóði getur einungis staðið í sambandi við afla fiskiskipsins og því eðlilegt, að innstæðan fylgi skipinu svo sem þessi gr. kveður á um.

Um 13. gr.

Nauðsynlegt er vegna ákvæða 12. gr. að tryggja það, að nafn skips, umdæmisbókstöfum eða umdæmisnúmeri verði ekki breytt, nema Fiskveiðisjóður hafi gefið til þess leyfi.

Um 14. gr.

Eðlilegt þykir að gera ráð fyrir því, að samtök útvegsmanna séu höfð með í ráðum, þegar sett verður reglugerð um framkvæmd þessara laga, þar sem það hlýtur að skipta meðimi þeirra nokkru máli.

Um 15. gr.

Nauðsynlegt er, að ákvæði frv. um aflaverðmæti nái til tímabilsins frá ársbyrjun 1968, svo allur afli ársins verði reiknaður með í aflaverðmæti þess flota, sem frv. tekur til.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Nauðsynlegt er að hafa hér ákvæði eins og fyrri málsgrein gerir ráð fyrir, ef leigusamningur hefur verið gerður áður en kunnugt varð um fyrirhugaða greiðslu ríkissjóðs til þorskveiðiflotans, en það var 15. janúar 1968, um leið og fiskverð var ákveðið. Í leigusamningum, sem gerðir hafa verið eftir þann tíma, er eðlilega tekið tillit til þessara greiðslna.

Í sambandi við samninga um ákvörðun verðs á bræðslusild fyrir tímabilið jan.—febr. 1968 var því heitið af hálfu ríkisstjórnarinnar, ef sett yrðu lög um Stofnfjár sjóð eins og hér er gert ráð fyrir, skyldu sildveiðiskip, er veiðar stunduðu á þessu tímabili, eiga rétt til þátttöku svo sem segir í gr. Fjár til þessa skyldi aflað svo sem segir í bráðabirgðaákvæði þessu, og hefur sú upphæð, sem þar er tilfærð, verið reiknuð út af Efnahagsstofnuninni og fulltrúar útvegsmanna á það fallizt.